



Bæjarráð Garðabæjar  
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra  
Garðatorgi 7  
210 Garðabær

Garðabæ, 18. Maí 2015

### Varðar: Ályktun stjórnar U.M.F. Stjörnunnar um byggingu Knatthúss í Ásgarði

Á undanförunum mánuðum hefur margt verið ritað og rætt um mögulega staðsetningu knatthúss í Garðabæ. Með bréfi aðalstjórnar Stjörnunnar þann 3. mars sl. var því lýst að yfirlýsing knattspyrnudeildar Stjörnunnar dagsett sama dag félli að framtíðarsýn um eflingu Ásgarðssvæðisins sem megin starfsstöðvar Stjörnunnar.

Í tilefni þeirrar umræðu og ummæla sem fram hafa komið af hálfu fulltrúa bæjarins á fundi knattspyrnudeildar og aðalfundi Stjörnunnar í apríl sl. hefur aðalstjórn Stjörnunnar fjallað um málið á fundi sínum í dag og samþykkt þar svohljóðandi ályktun.

„Aðalstjórn U.M.F. Stjörnunnar leggur áherslu á að knatthús risi í Garðabæ í samræmi við gefin loforð.

Aðalstjórn leggur jafnframt áherslu á að það knatthús risi á Ásgarðssvæðinu, sem er megin athafnarsvæði félagsins. Er það trú aðalstjórnar að knatthús á Ásgarðssvæðinu nýtist hagsmunum Stjörnunnar og iðkendum félagsins, sem og öðrum bæjarbúum, best. Jafnframt er mikilvægt að knatthúsið verði af þeirri stærð að það efli starfsemi bæði knattspyrnudeildar og annarra deilda félagsins og auki enn á þann félagsanda sem tekist hefur að byggja upp með öflugri starfi margra deilda, sem eiga það sameiginlegt að hafa hjarta starfsemi sinnar í Ásgarði.

Stjórnin telur mikilvægt að gætt verði að því að uppbygging íþróttamannvirkja sé hugsuð út frá þörfum iðkenda Stjörnunnar og að við töku ákvörðunar í málinu verði tryggt að sál og hjarta félagsins verði áfram í Ásgarði.

Til að stuðla að farsælli niðurstöðu málsins hefur aðalstjórn U.M.F. Stjörnunnar falið fulltrúum úr starfshópi barna og unglingaráðs knattspyrnudeildar Stjörnunnar, sem unnið hefur ötullega að málinu á undanförunum mánuðum, að koma að verkefninu með fulltrúa aðalstjórnar og ná fram niðurstöðu gagnvart bæjaryfirvöldum hvað varðar staðsetningu og stærð fyrirhugaðs knatthúss.

Aðalstjórn vonast til þess að leiða megi málefni nýs knatthúss til farsælla lykta á grundvelli ofangreindra sjónarmiða hið allra fyrsta.

Virðingarfyllt,

í stjórn U.M.F. Stjörnunnar

Sigurður Bjarnason formaður

Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir

Þorsteinn Þorbergsson

Ásta Kristjánsdóttir

Kristján B. Thorlacius

Þorsteinn Júlíus Arnason

Sigríður Dís Guðjónsdóttir